



## VERKLAG VIÐ AÐ BIÐJA UM UPPLÝSINGAR ÚR SAKASKRÁ

Sakaskrá hefur breytt verklagsreglum sínum eftir að fjöldi sveitarfélaga fór að biðja um upplýsingar úr sakaskrá.

Nú þurfa stjórnendur að láta umsækjanda skrifa undir samþykki þar sem hann ritar undir eigin hendi að yfirmaður megi fá upplýsingar úr sakaskrá, vottað af tveimur aðilum (öðrum en stjórnanda). Sjá word-skjal **Samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá**

Stjórnandi þarf síðan að safna þessum yfirlýsingum saman (eða senda eina og eina) og senda bréf með á bréfhaus bæjarins þar sem óskað er eftir þessum upplýsingum. Sjá word-skjal **Bréf stjórnanda til sakaskrár**

Hægt er að senda beiðni í pósti: Ríkissaksóknari, b.t. Sakaskrár, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík eða símsenda í faxnr. 444-2906 eða í tölvupósti, [sigridur.laxness@saksoknari.is](mailto:sigridur.laxness@saksoknari.is), til Ríkissaksóknara.

Ef viðkomandi er á sakaskrá vegna einhverra þessara brotaflokkanna getur stjórnandi ráðfært sig við starfsmannastjóra.

Munið að eyða þarf öllum upplýsingum sem koma úr sakaskrár um leið og gengið hefur verið frá ráðningu og ef viðkomandi sækir aftur um starf eftir einhvern tíma þarf að biðja um upplýsingar að nýju.

**Athugið að taka afrit af beiðninni til Sakaskrár og látið fylgja með ráðningarsamningi sem sendur er til Starfsmannaþjónustu.**



## Vestmannaeyjabær

Ríkissaksóknari  
b.t. Sakaskrár  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

**Efni:** Upplýsingar úr sakaskrá vegna umsóknar um starf með börnum/ungmendum/fötluðum hjá Vestmannaeyjabæ.

Undirritaður stjórnandi óskar eftir upplýsingum um sakaskrá vegna umsóknar eftirtalinnna umsækjenda um starf hjá \_\_\_\_\_, Vestmannaeyjabæ

1. Nafn, kt. \_\_\_\_\_

2. Nafn, kt. \_\_\_\_\_

3. Nafn, kt. \_\_\_\_\_

4. Nafn, kt. \_\_\_\_\_

5. Nafn, kt. \_\_\_\_\_

### Um er að ræða eftirtalda brotaflokkar:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk)
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ára en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðra niðurstöðu mála.

Hjálagt er samþykki allra umsækjenda.

Vinsamlega sendið mér niðurstöðu rafrænt á netfang \_\_\_\_\_

Vestmannaeyjum , (dags.) \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Undirskrift stjórnanda



## Samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá

vegna umsóknar um starf hjá Vestmannaeyjabæ

með börnum/ungmennum/fötluðum

### Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 3. mgr. 6. gr: „Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.“

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr. 11. gr: „Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólustjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.“

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3.–4. mgr. 10. gr: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2. gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.“

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 segir í 43 gr: „Óheimilt er að ráða í störf hjá sveitarfélögum, þ.m.t. byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk, hvort sem þjónustan er veitt á heimili fatlaðs einstaklings, á öðrum heimilum eða stofnunum, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Stjórnendur hjá sveitarfélögum, ríki eða einkaaðilum sem fara með þjónustu við fatlað fólk eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga eða annarra ákvæða sömu laga að fengnu samþykki hans.“

Undirrituð/undirritaður umsækjandi um starf við \_\_\_\_\_ veitir yfirmanni/vinnuveitanda heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá varðandi eftirtalda brotaflokkna:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk).
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsidóma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsidóma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.

Heimild þessi er veitt af fúsum og frjálsum vilja í því skyni að uppfylla lagaskilyrði fyrir ráðningu í ofangreint starf.

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu,

Nafn \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Nafn \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Megintilgangurinn með upplýsingaöflun þessari úr sakaskrá er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Ráðning er óheimil ef sú er raunin. Jafnframt er tilgangurinn sá að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um aðra refsiverða háttsemi af því tagi að hann/hún telst ekki verður eða hæfur til að gegna því starfi sem um ræðir. Við það mat er litið til þess hvenær brot var framið, eðli þess og alvarleika. Þær upplýsingar sem hér um ræðir teljast til „viðkvæmra persónuupplýsinga“ í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur söfnun þeirra, notkun og önnur vinnsla almennt undir gildissvið laganna. Ábyrgðaraðila/sveitarfélagi er skylt skv. 11. gr. laganna að gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þessar, þar á meðal gegn óleyfilegum aðgangi. Viðkomandi á m.a. rétt á að fá vitneskju um þær ráðstafanir sem gerðar eru í þessum efnunum sem og hvaða upplýsingar hafa borist um hann og efni þeirra, sbr. 18. gr. laganna.

Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999 með síðari breytingum (reglugerðir nr. 451/2007 og 716/2007). Ákvæði um færslu upplýsinga í sakaskrá eru í II. kafla reglugerðarinnar. Þar segir í 3. gr:

„Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

**a)** Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

**b)** Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, nema umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærri.

**c)** Lögreglustjórásátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

**d)** Dómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórásátt í máli vegna brots á umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar sekt er hærri en 100.000 krónur eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.

**e)** Sektargerð lögreglustjóra eða tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.

**f)** Ákærufrestun.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot.

Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningarlaga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.”

## **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

### **Hver er tilgangur vinnslu persónuupplýsinga og hver er grundvöllur hennar?**

Sveitarfélagið Vestmannaeyjabær er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi að afla upplýsinga úr sakaskrá vegna umsóknar um starf með börnum/ungmönnum/fötluðum hjá Vestmannaeyjabæ.

Megintilgangurinn með upplýsingaöfluninni úr sakaskrá er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Ráðning er óheimil ef sú er raunin. Jafnframt er tilgangurinn sá að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um aðra refsiverða háttsemi af því tagi að hann/hún telst ekki verður eða hæfur til að gegna því starfi sem um ræðir. Við það mat er litið til þess hvenær brot var framið, eðli þess og alvarleika.

Vinnsla upplýsinganna byggist á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd. Upplýsingar úr sakaskrá verða þó ekki aflaðar nema með samþykki umsækjanda.

### **Hvaða upplýsingar er unnið með og hvaðan koma þær?**

Unnið er með þær persónuupplýsingar sem óskað er eftir samkvæmt eyðublaði. Þær upplýsingar sem óskað er eftir eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að biðja um upplýsingar úr sakaskrá. Umsækjandi sjálfur veitir framangreindar upplýsingar. Afleiðingar þess að veita ekki umbeðnar upplýsingar gætu verið að ekki verði hægt að afla upplýsinga úr sakaskrá sem þýðir að ekki verði hægt að verða við ráðningu í starf hjá Vestmannaeyjabæ.

### **Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar og er þeim miðlað til þriðja aðila?**

Vestmannaeyjabær er afhendingaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er sveitarfélaginu óheimilt að eyða gögnum nema með heimild þjóðskjalavarðar. Persónuupplýsingar eru geymdar hjá Vestmannaeyjabæ í þrjátíu ár að hámarki. Að þeim tíma liðnum flytjast öll gögn tengd umsókninni til Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja til varðveislu, en heimild til vinnslu í þágu skjalavistunar er samkvæmt 11. tl. 1. mgr. 11. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að öðru leyti deilir Vestmannaeyjabær persónuupplýsingum þínum ekki til annarra aðila, nema fyrir liggi að sveitarfélaginu sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar.

### **Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinga?**

Vestmannaeyjabær gætir persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

### **Hver eru réttindi þín?**

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

### **Persónuverndarfulltrúi og kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga**

Ef þú hefur frekari spurningar um réttindi þín eða hvernig Vestmannaeyjabær meðhöndlar persónuupplýsingar getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins, Dattaca Labs Iceland ehf. Hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [dpo@dattacalabs.com](mailto:dpo@dattacalabs.com). Einnig er hægt að hafa samband við Vestmannaeyjabæ með því að senda erindi á [postur@vestmannaeyjar.is](mailto:postur@vestmannaeyjar.is).

Skráðir einstaklingar hafa einnig heimild til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)), dragi þeir í efa að persónuupplýsingar þeirra séu meðhöndlaðar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.